

Svör Laxós ehf. við umsögnum um matsáætlun

Verkefni: Matsáætlun (nr. 442/2026)

Dagsetning: 29. maí 2026

Unnið af: Laxós ehf.

Yfirlit

Alls bárust 10 umsagnir frá opinberum aðilum og einkaaðilum við matsáætlun Laxós ehf. fyrir fiskeldi á landi við Hauganes í Eyjafirði. Laxós ehf. þakkar allar umsagnir og tekur þær til skoðunar. Í eftirfarandi er gerð grein fyrir stöðu framkvæmdaraðila gagnvart hverju atriði.

1. Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE)

HNE gerði athugasemdir um lagalegan ramma, losun og vöktun.

Viðbrögð:

Lagagrunnur — reglugerð 1450/2025: Tekið til greina. Matskýrsla verður uppfærð þannig að umfjöllun um fráveitu og skólp byggji á gildandi reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun, ekki eldri reglugerð nr. 798/1999. Aðrar lagatilvísanir verða yfirfarnar.

Losun og vöktun: Tekið til greina. Matskýrsla verður unnin með það að markmiði að niðurstöður um losun, viðtaka, hreinsun og vöktun nýtist beint við mótun skilyrða í starfsleyfi hjá Umhverfis- og orkustofnun.

Áhrif á strandsvæði: Tekið til greina. Áhrif á strandsvæði verða metin sérstaklega, m.a. með tilliti til útivistar- og ferðamannasvæða við Hauganes.

2. Land og skógur

Land og skógur gerði engar athugasemdir.

Viðbrögð:

Votlendi og 61. gr.: Tekið til greina. Á mynd 16 og mynd 31 í matsáætlun, sem tekin var í lok apríl 2025 má sjá að umrædd 8 – 9 ha landspilda getur varla kallast “votlendi”. Sólveig K. Sigurðardóttir, jarðtækniverkfræðingur hjá Verkís lýsir jarðveginum svona í matsáætlun á bls 44. “Í stórum dráttum var efsta lagið mold eða mór (40 – 60 cm) svo kom mól

mismunandi blönduð, stundum rauðmöl (frá 40 – 60 cm niður á 1.5 til 2 m). Þar tók í öllum tilvikum við klöpp”. Það safnaðist sáralítið vatn í þær 8 grafir sem voru teknar.

Í viðræðum við Sólveigu kom fram að líklega hafi þarna verið votlendi áður en sem hefði þornað upp með tíð og tíma.

Vistgerðakortlagning verður gerð á framkvæmdar- og áhrifasvæði. Staðfest verður i vettvangsskoðun hvort um sé að ræða votlendi og þá hvort votlendi njóti verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og viðeigandi málsmeðferð undirbúin ef þörf krefur.

3. Náttúrufræðistofnun

Viðbrögð:

Votlendi og 61. gr. vernd: Á mynd 16 og mynd 31 í matsáætlun, sem tekin var í lok apríl 2025 má sjá að umrædd 8 – 9 ha landspilda getur varla kallast “votlendi”. Sólveig K. Sigurðardóttir, jarðtækniverkfræðingur hjá Verkís lýsir jarðveginum svona í matsáætlun á bls 44. “Í stórum dráttum var efsta lagið mold eða mór (40 – 60 cm) svo kom möl mismunandi blönduð, stundum rauðmöl (frá 40 – 60 cm niður á 1.5 til 2 m). Þar tók í öllum tilvikum við klöpp”. Það safnaðist sáralítið vatn í þær 8 grafir sem voru teknar. Staðfest verður i vettvangsskoðun hvort um sé að ræða votlendi og þá hvort votlendi njóti verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga og viðeigandi málsmeðferð undirbúin ef þörf krefur.

Varðandi athugasemdir um rask á fjöru, þarna er engin fjara heldur klettur í sjó fram, sjá mynd 13 og mynd 14 á bls. 28 í matsáætlun. Í viðræðum við Sólveigu kom fram að líklega hafi þarna verið votlendi áður en sem hefði þornað upp með tíð og tíma.

Vetrarfuglar og straumönd: Tekið til greina. Umhverfismat á fuglalífi verður byggt á vettvangsgögnum og fyrirliggjandi athugunum. Sérstaklega verður skoðað hvort straumönd (*Histrionicus histrionicus*) og aðrar tegundir á válista verpi á svæðinu. Vettvangsskoðun í lok apríl 2025 bendir ekki til að svo sé en nú verður önnur skoðun um mánaðarmótin maí /júní 2026. Einnig má benda á Kafla 5.3.3. um Fuglalíf á bls. 51 í matsáætlun Laxóss ehf.

Samlegðaráhrif við Árskógsvirkjun: Bent skal á að seiðaeldisstöð Laxóss á Árskógssandi hefur rekstrar- og starfsleyfi, gefið út í apríl 2024 og Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að verkefnið þyrfti ekki að fara í lögbundið umhverfismat 6. nóv. 2023. Sú ákvörðun tók einnig til heimildar Laxóss að taka allt að 180 l/sek úr Þorvaldsdalsá. Laxós við Hauganes hyggst einungis fá hlutdeild í þessari heimild sem er fyrir hendi. Laxós er í viðræðum við forráðamenn virkjunarinnar. Stemt er að farsælli lendingu í þessu máli sem gerð verður grein fyrir í matsskýrslu

Gróður í júlí/ágúst: Tekið til greina. Vettvangskonnnun verður gerð á gróðri á sumartíma til að tryggja að gögn endurspegli raunverulegt ástand.

4. Minjastofnun Íslands

Viðbrögð:

Fornleifaskráning: Matskýrsla verður uppfærð með tilvísun í nýjustu fortleifaskráningu sem unnin hefur verið fyrir verkefnið.

Garðlag nr. 3540-03: Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlunum verður rask á garðlaginu óhjákvæmilegt u.þ.b. síðustu 200 m að sjó. Á þeim kafla er garðurinn afar ógreinilegur. Leyfisferli gagnvart Minjastofnun verður undirbúið og leitað að mögulegum og ásættanlegum mótvægisáðgerðum.

5. Matvælastofnun (MAST)

Viðbrögð:

Sjúkdómavarnir og smitvarnir: Matskýrsla verður uppfærð með ítarlegri umfjöllun um smitvarnaáætlanir fyrir landeldi, byggða á viðeigandi leiðbeiningum.

Slysasleppingar: Áhættumat verður útfært með hliðsjón af umfangi fyrirhugaðs eldis. Tæknileg útfærsla storkvarna verður skýrð, samanburður gerður við sambærilegar framkvæmdir, og verklag og viðbragðsáætlun yfirfarin og lögð fram.

Erfðablöndun: Á Íslandi er bara einn laxa-eldisstofn, “Sagastofn”. Búið er að upplýsa Benchmark Genetics um framleiðslu áætlun Laxóss. Sérstakur kafla verður um áhættu vegna erfðablöndunar. Gerð verður grein fyrir villtum stofnum í Eyjafirði og göngumynstri þeirra.

Regnbogasilungur: Ef regnbogasilungur verður hluti af framleiðslu verður skýrt tekið fram hvort um ófrjóan fisk (t.d. þrílitna) verði að ræða, eða hvaða aðrar ráðstafanir verði notaðar til að draga úr æxlunarhættu. Regnbogaeldis stofnar í eldi á Íslandi hafa hingað til verið flutt til Íslands sem augnhrog frá Danmörku. Hugsanlega verður heimilað síðar að flytja regnboga augnhrogn, einnig frá Noregi.

Lyfja- og efnanotkun: Matskýrsla verður uppfærð með ítarlegri og betur studdri grein fyrir væntri lyfja- og efnanotkun.

6. Hafrannsóknastofnun

Viðbrögð:

Burðarþol/álagsþol viðtaka: Þrátt fyrir að ekki liggi formleg krafa um burðarþolsmat fyrir landeldi verður álagsþol viðtaka metið miðað við stærðargráðu framkvæmdarinnar og hugsanleg samlegðaráhrif. Dreifing efna um Eyjafjörð verður metin.

Nettólosun og sundurliðun losunar: Magntölur verða settar fram fyrir C, N og P, hreinsunarhlutföll, endurnýtingu og nettólosun, sjá bls 59 og 60 í matsáætlun.

Úrgangur og ráðstöfun: Raunhæfar leiðir verða kannaðar fyrir meðhöndlun fiskiseyru. Samstarfið við Eim hf. er jákvætt en auknar leiðir verða kannaðar. Dauðfiskur verður skýrt sem KAT2 úrgangur. Haft verður samráð við aðrar sambærilegar stöðvar um lausn þessarra mála.

Áhrif á Arnarnesstrýtur: Fjarlægð frá útrásum stöðvarinnar að strýtunum er um 7 km, sjá kafl 5.5 á bls.53 í matsáætlun. Áhrif losunar á strýturnar verður nánar metin.

Þorvaldsdalsá og ferskvatnstaka: Bent skal á að seiðaeldisstöð Laxóss á Árskógssandi hefur rekstrar- og starfsleyfi frá apríl 2024 og Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að verkefnið þyrfti ekki að fara í lögbundið umhverfismat 6. nóv. 2023. Sú ákvörðun tók einnig til heimildar Laxóss að taka allt að 180 l/sek úr Þorvaldsdalsá. Laxós við Hauganes hyggst einungis fá hlutdeild í þessari heimild sem er fyrir hendi.

Ofauðgun og svifþörungablómi: Áhrif verða metin bæði á stærri skala í firðinum og á finni skala við útrásir. Vatnshlot 102-1365 nær frá Gásum og út fyrir Ólafsfjörð. Frá fyrirhuguðu útrenslu nær það um 18 km inn fjörðinn og um 20 km út fjörðinn. Áhrifamat verður gert sérstaklega á það vatnshlot en áhrif á hin tvö tvö vatnshlotin, annað innan Gáseyrar og hitt utanvið Ólafsfjörð verða einnig skoðuð. Það mun taka mörg ár að byggja upp framleiðslu í fulla framleiðslu. Á meðan á því stendur verður virkt vöktun á áhrifum losunar sem gerir kleift að bregðast við ef í óefni stefnir.

Samlegðaráhrif: Sérstakur kaflur verður um samlegðaráhrif framkvæmdarinnar með öðru álagi og starfsemi í Eyjafirði, þ.m.t. tengsl við Eyjafjarðarbotn og losun frá Akureyri.

7. Umhverfis- og orkustofnun (UOS)

UOS er lykilleyfisveitandi og gerði ítarlegastar athugasemdirnar.

Viðbrögð:

Framleiðslutala: Tafla 1 á bls. 24 hefur að geyma lykilstærðir og efst á blaði er Ársframleiðsla bæði miðað við lifandi fisk 27.240.982 kg og 22.337.605 kg slægt með haus. Matskýrsla verður uppfærð til að miða við 27.240 tonn (heildarframleiðsla) fremur en 22.000 tonn af slægðum fiski.

Landfylling — opin eða lokuð: Hönnun felur í sér 7.2 m háan grjótagarð yfir háflóði, sem verndar landfyllinguna gegn straumum og sjávarflæði, sjá mynd 3 á bls 17 og skýringu í texta. Sjá einnig mynd 34 á bls. 47. Efnið landfyllingunni verður að fullu varin af garðinum og landfyllingin því ekki opin í skilningi 9. gr. laga nr. 33/2004. Lagaleg staða verður staðfest með UOS ef þörf krefur.

Áhrifamat á vatnshlot: Vatnshlot 102-1365 nær frá Gásum og út fyrir Ólafsfjörð. Frá fyrirhuguðu útrenslu nær það um 18 km inn fjörðinn og um 20 km út fjörðinn. Áhrifamat verður gert sérstaklega á það vatnshlot en áhrif á hin tvö tvö vatnshlotin, annað innan Gáseyrar og hitt utanvið Ólafsfjörð verða einnig skoðuð. Áhrifamatið verður gagnsætt og uppfylli kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Úrgangur sem matspáttur: Úrgangsmyndun og ráðstöfun verður sérstakur matspáttur í matskýrslu. Raunhæfar lausnir verða settar fram. Samstarfið við Eim hf. verður skýrt frá en einnig verða aðrar leiðir kannaðar. Leitað verður samráðs við aðrar sambærilegar landeldisstöðvar á Íslandi.

Samlegðaráhrif Árskógsvirkjunar: Bent skal á að Laxóss á Árskógssandi hefur rekstrar- og starfsleyfi frá apríl 2024 og Skipulagsstofnun tók ákvörðun um að verkefnið þyrfti ekki að fara í lögbundið umhverfismat 6. nóv. 2023. Sú ákvörðun tók einnig til heimildar Laxóss að taka allt að 180 l/sek úr Þorvaldsdalsá. Laxós við Hauganes hyggst einungis fá hlutdeild í þessari heimild sem er fyrir hendi. Sérstök athygli er vakin á að skipulagsferli Árskógsvirkjunar kom til u.þ.b. 2 árum eftir að ákvörðun Skipulagsstofnunar lá fyrir um seiðaðið á Árskógssandi þannig að skipulagsyfirvöldum átti að vera ljóst hvaða skuldbindingar voru fyrir hendi þegar þau fjölluðu um skipulagsbreytingar vegna Árskógsvirkjunar. Laxós sendi sveitarfélaginu umsögn í febrúar 2026 þar sem þess var m.a. krafist að virkjunin myndi aldrei skerða rennsli árinna ef heildar rennsli færi niður fyrir 500 l/sek. Laxós ehf mun tilkynna um framkvæmd fyrirhugaðara vatnstöku til Umhverfis- og orkustofnunar skv. 144 gr. vatnalaga nr. 15/1923 þegar þar að kemur.

Jarðhitánýting og grunnvatn: Ef jarðhitaboranir verða hluti af framkvæmd verður áhrifamat á grunnvatn gert. Borholugögn verða skiluð til UOS skv. borholureglum og auðlindalögum nr. 57/1998.

Varaafli: Gert er ráð fyrir nokkrum varaafli einingum sem eiga að geta annað ríflega allri aflspörf stöðvarinnar. Greint verður frá hönnun varaafli og mengunarvörnum í matskýrslu. Tekið verður fram að varaaflostöð ≥ 1 MW krefst starfsleyfis UOS.

Leyfisveitingar — yfirlit: Matskýrsla verður uppfærð með skýru yfirliti yfir öll leyfi sem framkvæmdin krefst.

Loftgæði: Gert er ráð fyrir að skip allt að 1.200 tonn og 100 m að lengd geti lagst að viðlegukanti til losunar og lestunar á fóðri, afurðum, lifandi fiski og byggingarefni. Viðlegukanturinn verður u.þ.b. 900 m frá næsta íbúðarhúsi samkvæmt Google mælingu.

8. Vegagerðin

Viðbrögð:

Umferðargreining: Sérstök umferðargreining verður unnin fyrir bæði framkvæmda- og rekstrartíma. Tilgreindur verður áætlaður fjöldi ferða, akstursleiðir, áfangaskipting, áætluð áhrif á burðarþol vega, umferðaröryggi og viðhald.

Nýr vegur og vegamót: 800–1.000 m vegur frá Brimnesvegi verður hannaður og byggður í samráði við Vegagerðina. Staðsetning og hönnun vegamóta verður með samþykki Vegagerðar. Leyfi Vegagerðar verður sótt fyrir öllum tengingum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis skv. vegalögum nr. 80/2007.

Hafnarmannvirki og ölduálag: Viðlegukantur verður útsettur fyrir öldu og verður einungis notaður til lestunar og losunar, ekki fyrir landlegu. Nothæfi yfir árið verður metið og tekið tillit til í rekstraráætlun. Hönnun og bygging hafnarmannvirkja verður í samræmi við kröfur 6. gr. hafnalaga nr. 61/2003.

9. Kjartan Gústafsson (landeigandi)

Viðbrögð:

Kjartan Gústafsson á landið við hliðina á umræddri bygginga-landspildu, sem er í eigu Dalvíkurbyggðar. Ef Laxós ætlar að sækja vatn í Þorvaldsdalsá þarf að semja við Kjartan um að fá að leggja og grafa vatnslögn í hans landi. Laxós mun hafa samband við Kjartan vegna þessa í júní eða júlí á þessu núlíðandi sumri.

10. Náttúruverndarstofnun

Viðbrögð:

Lífriki sjávar, viðtaki og frárennsli: Í umhverfismati verður gerð nánari grein fyrir lífríki sjávar á framkvæmdar- og áhrifasvæði, þar á meðal botndýralífi, botnngerð, straumum og aðstæðum í viðtaka. Jafnframt verður fjallað um magn og eðli losunar frá starfseminni, árangur hreinsunar, dreifingu og þynningu frárennslis og möguleg áhrif á vistkerfi sjávar. Niðurstöður verða nýttar við mat á áhrifum, samanburð valkosta, mótvægisáðgerðir og vöktun.

Áhrif framkvæmdatíma á sjó og strönd: Metin verða áætluð áhrif landfyllingar, gruggmyndunar og breytinga á strandlínu á nærliggjandi vistkerfi, með hliðsjón af straumum, setflutningum og aðstæðum á strandsvæði. Varðandi athugasemdir um rask á fjöru, þarna er engin fjara heldur klettur í sjó fram, sjá mynd 13 og mynd 14 á bls. 28 í matsáætlun.

Vistgerðir og gróður: Í umhverfismati verður gerð grein fyrir vistgerðum og gróðri á framkvæmdar- og áhrifasvæði, þ.m.t. á svæðum vegna vatnslagna, efnistöku og vegagerðar eftir því sem við á. Fjallað verður um útbreiðslu, ástand og verndargildi vistgerða, sem og beint og óbeint rask, þar með talið jaðaráhrif. Ef votlendi sem nýtur sérstakrar verndar eða friðaðar plöntur finnast innan framkvæmdar- eða áhrifasvæðis verður fjallað um það og tekið mið af gildandi verndarákvæðum.

Fuglalíf: Í umhverfismati verður gerð grein fyrir fuglalífi á framkvæmdar- og áhrifasvæði á grundvelli fyrirliggjandi gagna og vettvangsrannsókna eftir því sem við á. Metin verða áhrif rasks á búsvæði, landfyllingar, breytinga á strandsvæðum, auk umferðar, hávaða, lýsingar og annarrar starfsemi á framkvæmda- og rekstrartíma. Við matið verður tekið tillit til ábyrgðartegunda Íslands, fuglategunda á válista og annarra verndarsjónarmiða eftir því sem við á.

Líffræðileg fjölbreytni, stefnumörkun og viðmið: Við umhverfismat framkvæmdarinnar verður tekið mið af viðeigandi lögum, stefnumörkun og viðmiðum á sviði náttúruverndar og líffræðilegrar fjölbreytni, þar á meðal eftir því sem við á lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, Líffræðilegri fjölbreytni – stefnu og markmiðum til ársins 2030, sem og öðrum viðeigandi innlendum og alþjóðlegum viðmiðum þar sem við á.

Landslag og ásýnd: Í umhverfismati verður gerð grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd, þar á meðal vegna breytinga á strandlínu, landfyllingar og umfangs

mannvirkja. Eftir atvikum verður fjallað um mótvægisáðgerðir sem lúta að útfærslu mannvirkja, mótun lands, litavali og öðrum þáttum sem dregið geta úr sjónrænum áhrifum.

Lífrænn úrgangur: Gerð verður grein fyrir meðhöndlun, flutningi og ráðstöfun lífræns úrgangs frá starfseminni, þar á meðal mögulegri nýtingu hans, viðtakendum, aðstöðu og leyfum eftir því sem við á. Ef gert er ráð fyrir nýtingu úrgangs sem áburðar verður jafnframt fjallað um staðsetningu, framkvæmd og möguleg umhverfisáhrif þeirrar ráðstöfunar.

Valkostir og landfylling: Í umhverfismati verður gerð nánari grein fyrir forsendum landfyllingar, þeim valkostum sem skoðaðir hafa verið og hvort unnt sé að draga úr umfangi hennar. Jafnframt verða metin áhrif mismunandi útfærslna á strandlínu, fjöruvistkerfi, lífríki sjávar og aðra viðeigandi umhverfispætti.

11. Dalvíkurbyggð

(Ekki borist.)